



## Öryggisstefna upplýsingatæknikerfa Strandabyggðar

Öryggisstefna upplýsingatæknikerfa Strandabyggðar hefur það markmið að tryggja vernd upplýsinga, öryggi kerfa og samfellda starfsemi sveitarfélagsins. Upplýsingar skulu ávallt vera varðveittar með trúnaði, réttleika og tiltækileika að leiðarljósi og tæknilegir innviðir starfa örugglega í samræmi við lög og bestu viðmið stjórnvalda. Stefnan tekur mið af kröfum NIS2 um áhættumiðaða stjórnun, ábyrgð, viðbúnað og rekstraröryggi.

Stefnan nær til allra upplýsinga, kerfa og innviða Strandabyggðar, óháð miðli eða staðsetningu, og gildir fyrir alla starfsmenn, kjörna fulltrúa og þjónustuaðila sem vinna með gögn eða kerfi sveitarfélagsins. Öll meðferð upplýsinga skal byggð á ábyrgð, fagmennsku og virðingu fyrir réttarstöðu einstaklinga.

Öryggi upplýsingakerfa er órjúfanlegur hluti daglegs rekstrar sveitarfélagsins. Strandabyggð beitir viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum til að tryggja örugga vinnslu gagna, varnir gegn öryggisógnum og viðeigandi viðbrögð þegar atvik koma upp. Í því felst meðal annars að tryggja rekstrarsamfellu, vernd gagna, örugg samskipti við þjónustuaðila og skýra ábyrgðarkeðju.

Ábyrgð á innleiðingu og viðhaldi stefnunnar er hjá ábyrgðaraðila upplýsingatæknimála, en forstöðumenn og stjórnendur bera ábyrgð á að fylgt sé verklagi innan sinna sviða. Starfsmenn og þjónustuaðilar skulu tilkynna án tafar um grun eða frávik sem kunna að hafa áhrif á öryggi upplýsinga eða starfsemi kerfa.

Öryggisatvik skulu skráð og meðhöndluð samkvæmt samþykktu verklagi, og þegar við á skal tilkynna þau til viðeigandi yfirvalda í samræmi við lagaskyldur. Stefnan er endurskoðuð árlega eða þegar breytingar á áhættu, tækni eða regluverki krefjast þess, þannig að öryggi upplýsinga og kerfa sé ávallt í samræmi við gildandi kröfur og bestu starfshætti.